



KEILUSALURINN  
OPINN 10.00-02.00

# Morgunblaðið



HLEKKUR Í HEIMSKEDJU

FÖSTUDAGUR 20. SEPTEMBER 1985

VERÐ Í LAUSASÖLU 35 KR.

## Forstjórastaðan í Bygðastofnun:

### Samkomulag Framsóknar og Eggerts?

STJÓRN Bygðastofnunar mun koma saman til fundar síðdegis í dag og er gert ráð fyrir því að þar verði tekin ákvörðun um fjölda forstjóra við stofnuna og hver hreppi hnossi.

Samkvæmt heimildum Morgunblaðsins var staðan sú í gærkvöldi, að Eggert Haukdal, einn þriggja fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, myndi gera samkomulag við fulltrúa Framsóknarflokksins um að Bjarni Einarsson, forstöðumaður bygðadeildar Framkvæmdastofnunar, yrði forstjóri. Í staðinn ætluðu Framsóknarmenn að tryggja Eggert að Benedikt Bogason, verkfræðingur, yrði ráðinn í stöðu aðstoðarforstjóra. Talið var líklegt að Bjarni Einarsson myndi einnig hljóta atkvæði fulltrúa Alþýðuflokksins og þannig yrði meirihluti fyrir ráðningu hans í stjórninni.

Framsóknarmenn vilja að for-

stjórnarnir verði tveir, en sú tillaga mun samkvæmt heimildum blaðsins aðeins njóta stuðnings Framsóknarmannanna tveggja og Eggerts. Tveir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, fulltrúi Alþýðubandalagsins og fulltrúi Alþýðuflokksins munu hafa myndað meirihluta um þá tillögu að forstjóri verði aðeins einn.

### Sjávarútvegssýningin á Spáni:

## Póllinn selur 60 skipavogir

PÓLLINN hf. á Ísafirði hefur selt yfir 60 skipavogir á sjávarútvegssýningunni í Vigo á Spáni, að verðmæti 15-20 milljónir kr. að sögn Birgis Úlfssonar, sölustjóra hjá Pólnum á Reykjavíkursvæðinu. Þessi nýjung Pólsins hefur vakið mikla athygli eins og sést á þessu, en sýningin á Spáni hefur aðeins staðið yfir í þrjá daga.

Skipavogin var hönnuð frá grunni af starfsmönnum Pólsins og stóð hönnunarríttan heilt ár. Vogin vegur með allt að 10 gramma nákvæmni um borð í skipunum sama hvað á gengur, en það hefur verið eitt af vandamálum við vinnslu sjávarafna um borð í skipunum að vogirnar hafa ekki unnið rétt í veltingi og titringi. Fyrsta skipavogin frá Pólnum fór í togarann Sólrúnu frá Bolungarvík og stóðst vogin fullkomlega þær kröfur sem til hennar voru gerðar. Er talið að þessi vog geti haft miklar breytingar í för með sér fyrir útgerð verksmiðjuskipa, þar sem búist er við að þær hafi í för með sér 5-10% tekjuauka fyrir útgerðina.



Morgunblaðið/Jálhus  
Sigurður Ólafsson lyfsali í Reykjavíkrapóteki (annar frá vinstri) ræðir við lyfjafræðinga sína meðan slökkviliðsmenn eru að störfum.

### Eldur í Reykjavíkrapóteki:

## Litlu mátti muna að ekki færi verr

— mikið af eldfimum efnum í kjallaranum

MIKLAR skemmdir urðu í bruna í kjallara Reykjavíkrapóteks í miðborg Reykjavíkur laust eftir hádegis í gær. Var öll byggingin, þar sem skrifstofur Reykjavíkurborgar eru m.a. til húsa, rýmd enda fór reykur upp um alla stigaganga og var orðið ólíft á efstu hæðinni. Mjög erfitt var um vik fyrir slökkviliðsmenn vegna mikils hita og reyks - og svo bætti það gráu ofan á svart, að hitavatsleisla í kjallaranum fór í sundur meðan á slökkvistarfnum stóð.

Slökkviliðið í Reykjavík var

kallað á staðinn laust fyrir klukkan hálf tvö í gær. Þá barst mikill reykur inn í apótekið og inn í borgarskrifstofurnar. Fjórir reykkafarar voru sendir niður í kjallara hússins, þar sem eldurinn var laus, og komust þeir fljótlega að upptökunum en áttu mjög erfitt um vik vegna hita og reyks, að því er Bergsveinn Ármannsson, varðstjóri í slökkviliðinu, sagði í samtali við blm. Morgunblaðsins. Hann sagði að eldurinn hefði verið í herbergi í kjallaranum, þar sem geymdar voru ýmsar pappírsvörur og tímurskilráum.

„Áður en hægt var að komast endanlega fyrir eldinn varð að flytja mikið magn af ýmsum varningi út úr húsinu og slökkvistarfinu lauk af þeim sökum ekki fyrr en um klukkan hálf fjögur,“ sagði hann.

Bergsveinn sagði að eldurinn hefði náð að breiðast út í tvö önnur herbergi í kjallaranum og hefði ekki mátt muna miklu að þarna færi miklu verr, enda eru þar geymd ýms mjög eldfim efni - þynnir, acetón og fleira, sem notað er við lyfjagerð eða selt í snyrtivörudeild apóteksins. Eldsupptök eru ókunn.

### Dómkirkjuklukkan:

## Rafmagnið tekur brátt við af Ólafi

— sem trekt hefur klukkuna vikulega í 57 ár VIKULEGA í fimmtíu og sjö ár hef ég séð um að trekkja upp með handaffi þessi þrjú þungu lóð,“ sagði Ólafur Tryggvason úrsmiður, sem sér um að halda klukkunni í turni Dómkirkjunnar gangandi.

„Fljótlega eftir að ég kom í læri hjá Magnúsi Benjamínssyni úrsmið árið 1928, fór ég að sjá um klukkuna og trekkja hana upp einu sinni í viku. Þetta er ansi erfitt, eiginlega hrikalegt þúð, og því hefur Reykjavíkurborg, sem á klukkuna, ákveðið að setja rafknúna sveif við verk-ið. Búnaðurinn er ekki fullkomn-



Morgunblaðið/Arni Sæberg

Ólafur Tryggvason úrsmiður við sveifina sem þarf að snúa 90 hringi einu sinni í viku til að trekkja upp þrjú lóð sem eru um 100 kg hvert. Ari en svo að ég þarf eftir sem áður að vera viðstaddur þegar klukkan er trekt upp til/á sjá um að ekkert fari úr skórum,“ sagði Ólafur.

Kirkjuklukkuna gaf Ditlev Thomsen Reykjavíkurborg um aldamótin og sá Magnús Benjamínsson um að ganga frá uppsetningu hennar. Urverkið er þýskt turnúr, samsvarandi þeim úrverkum, sem voru og eru í kirkjuturnum um alla Evrópu og sagði Ólafur að þau entust í mannsaldrá. Verkið væri af gamla skólanum og minnti helst á vél í gömlu skipi. Nú er svo komið að þessi gömlu fyrirtæki, sem framleiddu turnúrinn eru öll að hverfa í kjölfar nýrrar tækni og er því ekki úr vegi að turnúrinn taki tæknina í sína þjónustu.

### Fjárlagafrumvarpið í ríkisstjórn á þriðjudaginn:

## Framsókn samþykkti þegar Albert hótaði stjórnarslitum

SAMKVÆMT heimildum Morgunblaðsins, skýrði Albert Guðmundsson fjármálaráðherra ráðherrum Framsóknarflokksins frá því á ríkisstjórnarfundum á þriðjudaginn, að ef þeir féllust ekki á fjárlagafrumvarpið eins og það þá lá fyrir, myndi hann gera um það tillögu á þingflokksfundum Sjálfstæðisflokksins um kvöldið, að stjórnarsamstarfinu yrði slitið.

Tveir fundir voru í ríkisstjórninni um fjárlagafrumvarpið á þriðjudaginn, sá fyrri fyrir hádegis en sá seinni klukkan 16. Ráðherrar Framsóknarflokksins gerðu á þeim fundi

nokkrar athugasemdir, einkum vildu þeir fá inn í frumvarpið ákvæði um stóreignaskatt.

Albert Guðmundsson lýsti því yfir að ekki kæmi til greina að gera breytingar á fjárlagafrumvarpinu og skýrði ráðherrum Framsóknarflokksins jafnframt frá því, að ef ekki yrði samkomulag milli flokka-anna á þessum grundvelli, myndi hann leggja til við þingflokki Sjálfstæðisflokksins á fundi, sem hefjast átti klukkan 21 sama kvöld, að stjórnarsamstarfinu yrði slitið.

Ráðherrar Framsóknarflokksins héldu beint af ríkisstjórnarfundinum á þingflokksfund Framsóknarflokksins, þar sem fjárlagafrumvarpið var samþykkt, eins og frá því var gengið af hálfu fjármálaráðherra.

## Fargjöld SVR hækka um 13,6% á mánudaginn

FARGJÖLD með strætisvögnum Reykjavíkur hækka um 13,6% að meðaltali frá og með 23. september. Hækkunin er sögð til að mæta auknum rekstrarkostnaði og er í samræmi við aðrar kostnaðarhækkningar innanlands. Fargjöld með SVR hækkuðu síðast í júní síðastliðnum og þar áður í desember á síðasta ári.

Eftir hækkun munu staðgreiðslugjöld fyrir fullorðna hækka úr 22 krónum í 25 og fyrir börn úr 6 krónum í 7. 26 miða afsláttarspjöld fyrir fullorðna munu kosta eftir hækkun 500 krónur eða 19,23 krónur á miða. Aldraðir fá þessi spjöld á 250 krónur. Spjöld með 20 barnamiðum

munu kosta 100 krónur hvert eða 5 krónur miðinn.

Reiknað er með að meðaltals-hækkun nemi 13,6% að því til-skyldu að skipting milli afsláttar og staðgreiðslu verði áfram sú sama og verið hefur.